

ÍV sjóðir hf.

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.

Fjárfestingarsjóðir ÍV sjóða hf.

## Ársreikningur 2020

ÍV sjóðir hf.  
Hvannavöllum 14  
600 Akureyri

Kt. 491001-2080

# Efnisyfirlit

---

A-hluti	B-hluti
<b>Ársreikningur ÍV sjóða hf.</b> .....	<b>Ársreikningur verðbréfasjóða ÍV .....</b>
Efnisyfirlit .....	Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingar á hreinni eign .....
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	Efnahagsreikningur .....
Áritun óháðra endurskoðenda .....	Yfirlit um fjárfestingar .....
Rekstrarreikningur .....	Skýringar .....
Efnahagsreikningur .....	
Sjóðstremisfirlit .....	
Skýringar .....	
Stjórnarháttayfirlýsing .....	
	<b>Ársreikningur fjárfestingarsjóða ÍV .....</b>
	Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingar á hreinni eign .....
	Efnahagsreikningur .....
	Yfirlit um fjárfestingar .....
	Skýringar .....

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins og framsetning ársreiknings

ÍV sjóðir hf. annast rekstur sjö verðbréfasjóða, fimm fjárfestingarsjóða, og tveggja sérhæfðra sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV og Veðskuldabréfasjóðs ÍV - VÍV II. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í two hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins á árinu. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

## Eignaraðild

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársþyrjun. Eignarhlutur hluthafa er eftirfarandi:

Íslensk verðbréf hf. ....	99,75%
Tækifæri hf. ....	0,25%

## Aðalfundur

Á aðalfundi sem haldinn var 18. maí 2020 voru Ingvar Már Gíslason, Katrín Káradóttir og Kolbeinn Friðriksson (stjórnarformaður) kjörin í stjórn félagsins. Á fundinum var samþykkt að greiða 50,0 millj. kr. í arð á árinu 2020.

## Afkoma og helstu atriði úr rekstri félagsins

Hreinar rekstrartekjur á árinu námu 242,9 millj. kr. samanborið við 208,5 millj. kr. árið áður. Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 70,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 56,8 millj. kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 198,1 millj. kr. í árslok samanborið við 156,0 millj. kr. í árslok fyrra árs.

Eigið fé félagsins í árslok nam 128,0 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 16,0 millj. kr. og hækkaði um 20,8 millj. kr. á árinu að meðtaldi arðgreiðslu að fjárhæð 50,0 millj. kr. Eiginfjárlutfall félagsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálaþyrtæki nam 40,3% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Fjöldi starfsmanna á árinu umreknað í heilsársstörf (ársverk) voru 3,1 (2019: 2,8). Í árslok störfuðu hjá félaginu fjórir starfsmenn.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði arður að fjárhæð 60,0 millj. kr. á árinu 2021. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárrreikningum.

## Starfsemi sjóða

Í áslok annaðist félagið rekstur 14 sjóða.

Eignir í stýringu námu í árslok 42.853 millj. kr., en þann 31. desember 2019 námu þær 38.264 millj. kr.

ÍV sjóðir hf. starfrækja sjö sjóði sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og innlánum, þar af two sérhæfða sjóði, fjóra sjóði sem fjárfesta í hlutabréfum eða hlutabréfatengdum vörum og þrjá blandaða sjóði, svokallaða eignastýringarsjóði. Ekki áttu sér stað breytingar á fjárfestingastefnum eða áherslum sjóða í rekstri félagsins á árinu.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitti félaginu starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfða sjóða hinn 18. nóvember sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í leyfinu felst að félaginu er heimilt að reka sérhæfða sjóði sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

ÍV sjóðir hf. tóku í ársþyrjun 2021 við sem rekstraraðili sérhæfða sjóðsins TF II slhf. með tilkynningu þar um til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, í kjölfar staðfestingar hluthafafundar TF II slhf. ÍV sjóðir eru þar með rekstraraðili sjóðsins og fara með eignastýringarhlutverk og áhættustýringu auk almennrar umsýslu og rekstrar en Íslensk verðbréf hf., móðurfélag ÍV sjóða hf. er vörsluaðili sjóðsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

---

## Stjórnarhættir

ÍV sjóðir hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (sérhæfða sjóði).

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit útgefið af Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma. Ritið geymir leiðbeiningar um innleiðingu ákveðinna vinnureglina, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsloðinni <http://leidbeiningar.is>.

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttu ÍV sjóða hf.

Ekki er nauðsynlegt að hlíta framangreindum leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti í einu og öllu. Gera skal þó grein fyrir þeim frávikum sem fyrir hendi eru, svokölluð „comply or explain“ regla. Eftirfarandi frávik eiga við:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutafjár í félagini og er því vikið frá gr. 1.5.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði sbr. gr. 2.9.1 en hefur sett sér reglur um siðferðislega ábyrgð Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka starfskjaranefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

Allir þrír stjórnarmenn félagsins eru óháðir félagini samkvæmt skilgreiningu í gr. 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í stjórn félagsins sitja tveir karlar og ein kona og uppfyllir því félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

## Athugasemd stjórnar vegna Heimsfaraldursins Covid 19

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar ÍV sjóða hf. er ársreikningur félagsins í samræmi við gildandi lög og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og gefur glöggja mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarrafkomu félagsins á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á oftustu síðu skjalsins.

Akureyri, 30. mars 2021.

Í stjórn félagsins:

Kolbeinn Friðriksson  
Katrín Káradóttir  
Ingvar Gíslason

Framkvæmdastjóri:

Hreinn Þór Hauksson

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa í ÍV sjóðum hf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÍV sjóða hf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2020, efnahag þeirra 31. desember 2020 og breytingu á hreinni eign sjóðanna á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

### Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð ÍV sjóðum hf. í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar síðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingum sem fylgir ársreikningum.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi ÍV sjóða hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Áritun óháðra endurskoðenda, frh.: ---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 30. mars 2021.

**Deloitte ehf.**

Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2020

---

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýsluþóknun .....		240.933	197.487
Fjármunatekjur .....	3	2.080	11.054
		243.013	208.541
Fjármagnsgjöld .....	3	( 99 )	( 31 )
		242.914	208.510
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	74.430	65.488
Þjónustugjöld .....		64.779	59.919
Annar rekstrarkostnaður .....		15.161	12.113
		154.370	137.520
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		88.544	70.990
Tekjuskattur .....	6,10	( 17.712 )	( 14.201 )
<b>Hagnaður ársins</b> .....	<b>8</b>	<b>70.832</b>	<b>56.788</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Verðbréf</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	7,13	65.916	94.018
	<u>Verðbréf</u>	<u>65.916</u>	<u>94.018</u>
<b>Kröfur</b>			
Viðskiptakrökur á sjóði .....	13	29.694	23.681
Aðrar kröfur .....		75	0
	<u>Kröfur</u>	<u>29.769</u>	<u>23.681</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Handbært fé .....		102.399	38.255
	<u>Aðrar eignir</u>	<u>102.399</u>	<u>38.255</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>198.084</b>	<b>155.954</b>

## Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé</b>			
HLutafé .....		16.000	16.000
Lögbundinn varasjóður .....		4.000	4.000
Bundinn gangvirðisreikningur .....		1.459	793
Óráðstafað eigið fé .....		106.554	86.388
	<b>Eigið fé</b>	<b>8</b>	<b>128.013</b>
			107.181
<b>Aðrar skuldir</b>			
Skuld við móðurfélag .....	13	20.796	6.476
Skuld við tengda aðila .....	13	0	14.009
Skuld við móðurfélag vegna samsköttunar .....	10	17.712	14.201
Aðrar skammtímaskuldir .....		31.563	14.086
	<b>Skuldir</b>	<b>70.071</b>	<b>48.773</b>
			198.084
			155.954
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>198.084</b>	<b>155.954</b>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	8	70.832	56.788
Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfaeignar .....	3	( 1.899 )	( 1.767 )
Veltufé frá rekstri		<u>68.933</u>	<u>55.021</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 6.088 )	( 4.602 )
Skammtímaskuldir, hækkun .....		<u>21.299</u>	<u>17.062</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>15.211</u>	<u>12.460</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>84.144</u>	<u>67.481</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum .....		0	( 91.999 )
Söluverð hlutdeildarskírteina .....		<u>30.001</u>	<u>45.001</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>30.001</u>	( 46.999 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til hluthafa .....	8	( 50.000 )	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 50.000 )</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>			
		64.144	20.482
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>			
		<u>38.255</u>	<u>17.773</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>			
		<u>102.399</u>	<u>38.255</u>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Greidd vaxtagjöld af skammtímalánum .....		( 99 )	( 31 )
Innborgaðar vaxtatekjur .....		181	859
Greiddur tekjuskattur .....		( 14.201 )	( 107 )

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

ÍV sjóðir hf. voru stofnaðir árið 2001. Félagið er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Félagið starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félagini á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur félagsins er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

## 2. Reikningsskilaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### b. Umsýslubóknun

Félagið fær umsýslubóknun fyrir rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Félagið fær umsýslubóknun fyrir rekstur fagfárfestasjóða og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af heildareignum sjóðanna. Þóknunin innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, stjórnarlaun, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðanna. ÍV sjóðir hf. hafa útvistað tilteknum verkefnum til Íslenskra verðbréfa hf., m.a. áhættustýringu, regluvörslu, bakvinnslu og sölu- og markaðsmálum. Félagið greiðir íslenskum verðbréfum hf. þóknun vegna þessarar þjónustu.

### c. Viðskiptakröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta ÍV sjóða hf. í árslok.

### d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2020	2019
Vaxtatekjur .....	181	859
Gangvirðisbreyting verðbréfaeignar .....	1.899	1.767
Aðrar fjármunatekjur .....	0	8.427
Vaxtagjöld .....	( 99 )	( 31 )
	<hr/> <hr/> 1.981	<hr/> <hr/> 11.023

## 4. Arðsemi eigna

Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigna er eftirfarandi:

Arðsemi eigna .....	40,0%	47,7%
---------------------	-------	-------

## Skýringar frh.:

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun .....	55.920	51.075
Áfallið orlof, breyting .....	2.798	( 901 )
Launatengd gjöld .....	12.047	11.401
Fjársýsluskattur .....	3.488	3.185
Annar starfsmannakostnaður .....	177	728
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>74.430</u>	<u>65.488</u>

Fjöldi starfsmanna á tímabilinu umreknað í heilsársstörf (ársverk) ..... 3,1 2,8

Greidd laun til stjórnenda greinast þannig :

Hreinn Þór Hauksson, framkvæmdastjóri .....	18.911	18.321
Kolbeinn Friðriksson, stjórnarformaður .....	2.880	2.640
Ingvar Már Gíslason, stjórnarmaður .....	1.440	1.320
Katrín Káradóttir, stjórnarmaður .....	1.440	1.320

Stjórnendur fengu ekki greidd hlunnindi á árinu. Ekki er í gildi kaupaukakerfi hjá félaginu.

Greiðslur til endurskoðenda á árinu námu 5,7 millj. kr. (2019: 4,1 millj. kr.) þar af voru 1,8 millj. kr. (2019: 0,4 millj. kr.) vegna innri endurskoðunar.

### 6. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu .....	( 17.712 )	( 14.201 )
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	<u>( 17.712 )</u>	<u>( 14.201 )</u>

Virkt skatthlutfall 2020 2019

Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	88.544	70.990
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall ....	20,0% ( 17.709 )	20,0% ( 14.198 )
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,0% ( 4 )	0,0% ( 4 )
Virkur tekjuskattur .....	<u>20,0% ( 17.712 )</u>	<u>20,0% ( 14.201 )</u>

### 7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign með breytilegum tekjum greinist þannig:

	Hlutabréf	Hlutdeilda-skírteini verðbréfasjóða	Samtals 31.12.2020	Samtals 31.12.2019
Óskráð verðbréf .....	0	65.916	65.916	94.018
	0	65.916	<u>65.916</u>	<u>94.018</u>

## Skýringar frh.:

### 8. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 16,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	16.000	4.000	1.790	28.603	50.393
Breyting á gangvirðisreikningi .....	0	0	( 997 )	997	0
Hagnaður ársins .....	0	0	0	56.788	56.788
Eigið fé 31.12.2019 .....	16.000	4.000	793	86.388	107.181
Breyting á gangvirðisreikningi .....	0	0	666	( 666 )	0
Arður til hluthafa .....	0	0	0	( 50.000 )	( 50.000 )
Hagnaður ársins .....	0	0	0	70.832	70.832
Eigið fé 31.12.2020 .....	16.000	4.000	1.459	106.554	128.013

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nam 40,3% í árslok. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Heildar eigið fé .....	128.013	107.181
Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta .....	9.292	10.028
Eiginfjárkrafa .....	9.292	10.028
Eiginfjárkrafa miðað við 25% af föstum rekstrarkostnaði .....	25.398	22.400
Eiginfjárgrunnar umfram eiginfjárkröfu .....	102.615	84.781
Eiginfjárlutfall .....	40,3%	38,3%

Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstrararáhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Samkvæmt 9. mgr. 84 gr. sömu laga skal eiginfjárgrunnar aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Þar sem fjárhæð sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði er hærri en samanlögd útlána- og markaðsáhætta, þá er hún notuð sem eiginfjárkrafa við útreikning á eiginfjárlutfalli.

## Skýringar frh.:

---

### 9. Vogunarhlutfall

Vogunarhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 30 gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er 64,63% en samkvæmt lögum er lágmarks vogunarhlutfall 3,0%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Eigin fé þáttar 1 .....	128.013	107.181
Áhættuskuldbindingar:		
Liðir innan efnahags (afleiður undanskildar) .....	198.084	155.954
	198.084	155.954
Vogunarhlutfall .....	64,63%	68,73%

### 10. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattur ársins .....	17.712	14.201
Áhrif vegna samsköttunar .....	( 17.712 )	( 14.201 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	0	0

### 11. Skattamál

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu Íslenskum verðbréfum hf.

### 12. Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum ÍV sjóða hf. í árslok nam 42,9 milljörðum kr. samanborið við 38,3 milljarða kr. í árslok fyrra árs.

### 13. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins teljast vera hluthafar sem eiga yfir 10%, sjóðir í umsjón félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu.

Stöður og viðskipti við tengda aðila eru eftirfarandi:	31.12.2020	31.12.2019
Verðbréfaeign með breytilegar tekjur .....	65.916	94.018
Skammtímakröfur .....	29.694	23.681
Skammtímaskuldir við tengda aðila .....	20.796	20.485

Viðskipti á árinu:	2020	2019
Sala á þjónustu .....	239.744	197.487
Fjármunatekjur og breyting á virði hlutdeildarskirteina .....	1.899	1.767
Kaup á þjónustu .....	68.029	62.245

# Stjórnarháttayfirlýsing

---

ÍV sjóðir hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (sérhæfða sjóði).

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit útgefið af Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma. Ritið geymir leiðbeiningar um innleiðingu ákveðinna vinnureglina, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðóinni <http://leidbeiningar.is>.

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttu ÍV sjóða hf.

## Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er svokölluð „fylgið eða skýrið“ regla (e. „comply or explain“) en á grundvelli hennar hafa stjórnir fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti einstaka þættir leiðbeininganna henti viðkomandi fyrirtæki. Sé vikið frá leiðbeiningunum skal þess getið í stjórnarháttayfirlýsingu. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutafjár í féluginu og er því vikið frá gr. 1.5.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði sbr. gr. 2.9.1 en hefur sett sér reglur um siðferðislega ábyrgð Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka starfskjaranefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

## Starfsemi félagsins og áhættuþættir

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002 og rekstrarfélag sérhæfðra sjóða skv. lögum 45/2020. Félagið rekur verðbréfa- og fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 128/2011 ásamt sérhæfðum sjóðum skv. lögum nr. 45/2020. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Hjá féluginu starfa nú fjórir starfsmenn í fullu starfi.

Félagið lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi þess. Regluvörslu er útvistað til Íslenskra verðbréfa hf. skv. sérstökum samningi þar um. Innri endurskoðun er útvistað til KPMG. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

## Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf. er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur aðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega, um 12 sinnum á ári. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri fundina. Ritari stjórnar ritar fundargerð á stjórnarfundum. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður féluginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar, ákvarðanatöku og samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal hittast a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

Stjórnin hefur engar undirnefndir.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjáreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með trygglegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hann skal leita samþykki stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna.

### **Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra**

**Kolbeinn Friðriksson**, formaður stjórnar, er fæddur árið 1981. Kolbeinn lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 2001, B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005 og M.Sc. gráðu í fjármálum frá Berlin School of Economics and Law árið 2011. Auk þess er Kolbeinn með próf í verðbréfaviðskiptum.

Kolbeinn er fjármálastjóri Hölds ehf. Áður starfaði Kolbeinn sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Eik fasteignafélagi hf. Frá árinu 2011 starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf innan Markaða Íslandsbanka og frá 2007 hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka/Glitnis banka. 2005 til 2007 starfaði hann hjá Bakkavör Group á fjármálasviði.

Kolbeinn tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða árið 2016.

**Katrín Káradóttir** er fædd árið 1969. Katrín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1989, Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1996 og ;MSc gráðu frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1999. Auk þess er Katrín með próf í verðbréfaviðskiptum.

Katrín hefur frá 2012 rekið verslunina Kistu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og samhliða því starfaði hún á árunum 2016 og 2017 einnig sem framkvæmdastjóri handverksháttarinnar að Hrafagili í Eyjafjarðarsveit. Á árunum 2006 – 2012 starfaði Katrín hjá Íslandsbanka sem starfsmaður Einkabankabjónustu og sem deildarstjóri Eigna- og lífeyrispjónustu bankans og á árunum 2004-2006 hjá TM Software og Libra tengt viðskipta- og fjármálahugbúnaði.

Katrín tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða hf. árið 2018.

**Ingvar Már Gíslason** er fæddur árið 1976. Ingvar lauk B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og lauk MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2016.

Ingvar starfaði sem rekstrarstjóri Nýja-Bautabúrsins frá árinu 2000 til 2001 og sem forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa og útflutningsstjóri hjá Norðlenska ehf. frá árinu 2001 til 2004. Frá árinu 2004 gegndi hann stöðu markaðsstjóra Norðlenska ehf. og stöðu fjármálastjóra sama fyrirtækis frá 2017.

Ingvar tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða hf. árið 2011.

**Hreinn Þór Hauksson** er framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Hreinn Þór lauk B.Sc. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005, M.Sc. prófi í viðskiptafræði frá Lunds Universitet árið 2012 og prófi í verðbréfaviðskiptum árið 2008.

Frá 2005 til 2009 starfaði Hreinn Þór innan Markaðsviðskipta Íslandsbanka /Glitnis Banka en 2009 til 2011 sem viðskiptastjóri í einkabankabjónustu og viðskiptastjóri fyrirtækja í útibúi Íslandsbanka á Akureyri. 2012 til 2014 starfaði Hreinn við atvinnuþróun á vegum Akureyrarbæjar. Frá árinu 2014 hefur Hreinn starfað innan samstæðu Íslenskra Verðbréfa hf., fyrst sem sjóðstjóri fagfjárfestasjóða, hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða innan ÍV sjóða hf., seinna sem sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum innan Íslenskra verðbréfa þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

### **Samskipti hluthafa og stjórnar**

Íslensk verðbréf hf. er móðurfélag og vörlufyrirtæki ÍV sjóða hf. Í samræmi við 15. gr. laga nr. 128/2011 skal meirihluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða vera óháður móðurfélagi og vörlufyrirtækis. Þá má stjórnarmaður í rekstrarfélagi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörlufyrirtækis. Í tilviki ÍV sjóða hf. eru framangreind skilyrði uppfyllt og eru allir stjórnarmenn félagsins óháðir samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði. Hluthafar geta hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórn ef spurningar vakna varðandi rekstur félagsins.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað til viðurlaga vegna brota á lögum um fjármálfyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé.

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.

Ársreikningur 2020

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2020

	Skýr.	ÍV Ríkisskuldbréfasjóður	ÍV Áskriftarsjírikisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegurhlutabréfasj.	ÍV Erlent hlutabréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 2020	Samtals 2019
<b>Rekstrarreikningur</b>										
<b>Tekjur</b>										
Arður .....		0	0	3.880	13.846	0	0	5.010	22.735	17.210
Vextir .....		101.038	118.010	44	37	32.097	18.432	6.864	276.523	257.066
Verðbætur .....		62.277	74.908	0	0	17.731	7.350	3.828	166.095	145.713
<b>Heildartekjur</b>		<b>163.316</b>	<b>192.918</b>	<b>3.924</b>	<b>13.883</b>	<b>49.828</b>	<b>25.782</b>	<b>15.702</b>	<b>465.353</b>	<b>419.989</b>
<b>Gjöld</b>										
Umsýslubóknun rekstrarfélags .....		30.928	32.814	15.869	35.024	6.898	4.590	5.417	131.540	95.794
Vörslupóknun .....		456	536	538	1.377	208	98	284	3.497	2.281
Aðrar þóknanir .....		6.075	2.975	3.711	44.338	2.831	680	7.597	68.207	30.520
Önnur gjöld og kostnaður .....		829	858	474	710	386	396	440	4.093	3.935
<b>Heildargjöld</b>		<b>38.288</b>	<b>37.183</b>	<b>20.593</b>	<b>81.449</b>	<b>10.323</b>	<b>5.764</b>	<b>13.738</b>	<b>207.337</b>	<b>132.531</b>
Innleystur hagnaður af fjárfestingum .....		206.795	241.191	112.229	555.376	98.791	62.762	71.128	1.348.272	741.615
Óinnleystur hagnaður(tap) af fjárfestingum .....		( 181.871 )	( 226.581 )	155.659	392.970	( 92.408 )	( 28.390 )	92.166	111.544	173.254
<b>Heildar gengismunur</b>		<b>24.924</b>	<b>14.610</b>	<b>267.888</b>	<b>948.346</b>	<b>6.383</b>	<b>34.371</b>	<b>163.295</b>	<b>1.459.816</b>	<b>914.869</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins af rekstri .....</b>		<b>149.951</b>	<b>170.345</b>	<b>251.219</b>	<b>880.780</b>	<b>45.888</b>	<b>54.390</b>	<b>165.259</b>	<b>1.717.832</b>	<b>1.202.327</b>
<b>Yfirlit um breytingu á hreinni eign</b>										
<b>Hrein eign í ársbyrjun .....</b>		<b>2.767.917</b>	<b>3.109.495</b>	<b>1.094.126</b>	<b>1.447.340</b>	<b>666.925</b>	<b>860.901</b>	<b>789.716</b>	<b>10.736.419</b>	<b>9.834.611</b>
<b>Fjármögnumarhreyfingar</b>										
Seld hlutdeildarskíteini .....		1.408.780	220.559	211.894	3.017.892	773.871	61.840	947.662	6.642.496	3.661.850
Innleyst hlutdeildarskíteini .....		( 877.429 )	( 487.108 )	( 401.177 )	( 1.587.030 )	( 475.843 )	( 57.909 )	( 261.100 )	( 4.147.598 )	( 3.962.369 )
Hækken (lækkun) á fjármögnumarhreyfingum .....		531.350	( 266.549 )	( 189.284 )	1.430.861	298.028	3.930	686.562	2.494.898	( 300.519 )
<b>Hrein eign í árslok .....</b>	<b>8</b>	<b>3.449.219</b>	<b>3.013.290</b>	<b>1.156.061</b>	<b>3.758.981</b>	<b>1.010.840</b>	<b>919.221</b>	<b>1.641.537</b>	<b>14.949.149</b>	<b>10.736.419</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	ÍV Ríkisskuldbréfasjóður	ÍV Áskriftarsjárákisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegurhlutabréfasj.	ÍV Erlent hlutabréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 31.12.2020	Samtals 31.12.2019
<b>Eignir</b>										
<i>Fjárfestingar</i>										
Framseljanleg verðbréf .....		3.429.331	3.008.509	0	3.719.320	985.098	455.896	229.283	11.827.437	8.558.382
Hlutdeildarskíteini .....		0	0	1.151.027	0	0	459.145	1.448.457	3.058.629	2.014.075
Fjárfestingar samtals		3.429.331	3.008.509	1.151.027	3.719.320	985.098	915.042	1.677.740	14.886.066	10.572.456
<i>Aðrar eignir</i>										
Reiðufé .....		24.784	20.575	8.103	34.408	29.009	3.931	10.845	131.654	174.787
Aðrar eignir .....		0	0	26	29.622	1.022	972	99	31.742	16.484
Aðrar eignir samtals		24.784	20.575	8.129	64.030	30.032	4.903	10.943	163.396	191.270
<b>Eignir samtals</b>		<b>3.454.114</b>	<b>3.029.084</b>	<b>1.159.156</b>	<b>3.783.350</b>	<b>1.015.130</b>	<b>919.945</b>	<b>1.688.683</b>	<b>15.049.462</b>	<b>10.763.727</b>
<i>Skuldir</i>										
Skuld (krafa) við rekstrarfélag .....		3.019	2.675	1.478	4.676	709	429	741	13.727	9.330
Skuld við vörlufyrirtæki .....		148	79	106	1.291	227	16	250	2.117	1.992
Aðrar skuldir .....		1.728	13.041	1.511	18.402	3.354	278	46.155	84.469	15.985
<b>Skuldir samtals</b>		<b>4.895</b>	<b>15.794</b>	<b>3.095</b>	<b>24.369</b>	<b>4.289</b>	<b>723</b>	<b>47.146</b>	<b>100.313</b>	<b>27.307</b>
Hrein eign .....	8	3.449.219	3.013.290	1.156.061	3.758.981	1.010.840	919.221	1.641.537		
Fjöldi útgefina hlutdeildarskíteina .....		717.138	6.494	2.081	6.730	60.434	55.093	74.057		
Gengi hlutdeildarskíteina í árslok .....		4.81	464.04	555.62	558.56	16.73	16.68	22.17		

# Yfirlit fjárfestinga árið 2020

## IV Ríkisskuldabréfasjóður

### Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2020	31.12.2019		
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
<b>Skuldabréf</b>				
<i>Ríkistryggð</i>				
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	742.106	21,5%	633.090	22,8%
Ríkisbréf RIKB 28 1115 .....	604.396	17,5%	474.425	17,1%
Ríkisbréf RIKS 30 0701 .....	572.362	16,6%	452.258	16,3%
Ríkisbréf RIKS 33 0321 .....	470.628	13,6%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	91.073	2,6%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	37.025	1,1%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	8.497	0,2%	671	0,0%
Ríkisbréf RIKS 21 0414 .....	0	0,0%	34.647	1,2%
Ríkistryggð samtals .....	<u>2.526.087</u>	<u>73,1%</u>	<u>1.595.091</u>	<u>57,5%</u>
<i>Íbúðabréf, húsbréf</i>				
Íbúðabréf HFF150644 .....	504.989	14,6%	670.730	24,2%
Íbúðabréf HFF150434 .....	275.066	8,0%	461.620	16,6%
Húsbréf IBH 41 0315 .....	1.153	0,0%	1.628	0,1%
Húsbréf IBH 26 0315 .....	83	0,0%	114	0,0%
Húsbréf IBH 21 0115 .....	27	0,0%	0	0,0%
Húsbréf IBH 37 1215 .....	67	0,0%	97	0,0%
Íbúðabréf HFF150224 .....	0	0,0%	18.813	0,7%
Íbúðabréf, húsbréf samtals .....	<u>781.387</u>	<u>22,6%</u>	<u>1.153.002</u>	<u>41,6%</u>
<i>Önnur skráð skuldabréf</i>				
Byggðastofnun BYG 15 1 .....	27.835	0,8%	0	0,0%
Byggðastofnun BYG 18 1 .....	94.022	2,7%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf fyrirtækis samtals .....	<u>121.857</u>	<u>3,5%</u>	<u>0</u>	<u>0,0%</u>
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals .....	3.429.331	99,3%	2.748.093	99,0%
Reiðufé .....	24.784	0,7%	26.423	1,0%
Heildareignir .....	<u>3.454.114</u>	<u>100,0%</u>	<u>2.774.516</u>	<u>100,0%</u>

### Sundurlíðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2020	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2019	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Hlutfall br. af heildar- eign %
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	742.106	21,5%	633.090	22,8%	109.016	3,2%
Ríkisbréf RIKB 28 1115 .....	604.396	17,5%	474.425	17,1%	129.971	3,8%
Ríkisbréf RIKS 30 0701 .....	572.362	16,6%	452.258	16,3%	120.105	3,5%
Íbúðabréf HFF 150644 .....	504.989	14,6%	670.730	24,2%	( 165.741 )	( 4,8%)
Ríkisbréf RIKS 33 0321 .....	470.628	13,6%	0	0,0%	470.628	13,6%
Íbúðabréf HFF 150434 .....	275.066	8,0%	461.620	16,6%	( 186.553 )	( 5,4%)
Byggðastofnun BYG 18 1 .....	94.022	2,7%	0	0,0%	94.022	2,7%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	91.073	2,6%	0	0,0%	91.073	2,6%
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	37.025	1,1%	0	0,0%	37.025	1,1%
Byggðastofnun BYG 15 1 .....	27.835	0,8%	0	0,0%	27.835	0,8%
Tíu stærstu samtals .....	3.419.502	99,0%	2.692.123	97,0%	727.380	21,1%
Aðrar fjárfestingar .....	9.829	0,3%	55.970	2,0%	( 46.141 )	( 1,3%)
Reiðufé .....	24.784	0,7%	26.423	1,0%	( 1.640 )	( 0,0%)
Aðrar eignir .....	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	<u>3.454.114</u>	<u>100,0%</u>	<u>2.774.516</u>	<u>100,0%</u>	<u>679.599</u>	<u>19,7%</u>

## Yfirlit fjárfestinga árið 2020 frh.

---

### ÍV Ríkisskuldabréfasjóður frh.

#### **Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur**

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2020.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
BYG 15 1 .....	28.891	0
BYG 18 1 .....	96.645	0
HFF150224 .....	26.179	39.849
HFF150434 .....	0	192.989
HFF150644 .....	214.254	390.679
IBH 21 0115 .....	130	0
RIKB 20 0205 .....	21.214	0
RIKB 21 0805 .....	46.272	46.830
RIKB 22 1026 .....	545.967	544.669
RIKB 25 0612 .....	807.190	705.066
RIKB 28 1115 .....	456.200	334.919
RIKB 31 0124 .....	1.163.343	1.058.806
RIKS 21 0414 .....	0	34.637
RIKS 26 0216 .....	37.058	0
RIKS 30 0701 .....	632.256	534.833
RIKS 33 0321 .....	481.406	0
	4.557.005	3.883.276

## Yfirlit fjárfestinga árið 2020 frh.

### IV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

#### Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

Skuldabréf	31.12.2020		31.12.2019	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
<b>Ríkisbréf</b>				
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....				
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	402.982	13,3%	575.975	18,5%
Ríkisbréf RIKS 30 0701 .....	448.088	14,8%	230.987	7,4%
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	447.587	14,8%	418.312	13,4%
Ríkisbréf RIKB 28 1115 .....	285.528	9,4%	337.229	10,8%
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	197.331	6,5%	282.006	9,1%
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	149.294	4,9%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKS 33 0321 .....	40.987	1,4%	0	0,0%
Ríkisbréf samtals .....	1.971.797	65,1%	1.844.509	59,2%
<b>Íbúðabréf, húsbréf</b>				
Íbúðabréf HFF 150434 .....				
Íbúðabréf HFF 150434 .....	465.650	15,4%	658.133	21,1%
